



Stjórnsýsla og gegnsæi

Markmið (Stefnan sjálf)	Leiðir (Aðgerðir)	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Staða verkefnis júní 2020:	Kostnaður	Árangurs- mælikvarðar
Íbúar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.	Reglur um birtingu fylgigagna verði einfaldaðar og dregið úr vægi matskenndra þátta við framkvæmd þeirra. Nefndir samþykki sjálfar sérstaklega í lok funda hvenær skuli ekki birta gögn en slíkt sé undantekning frá meginreglunni um birtingu gagna.	Ágúst 2020	Forstöðu- maður þjónustu- og samskiptadeildar í samvinnu við nefndarformenn og starfsmenn nefnda.	Í vinnslu.	0	Fylgigögn með fundargerðum nefnda og ráða birtast í 95% tilvika. (talning)
Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.	Mótaður verði gátlisti eða afmörkuð upplýsingastefna með áherslu á miðlun upplýsinga til íbúa á vef bæjarins og samfélagsmiðla.	Október 2020	Forstöðu- maður þjónustu og samskiptadeildar með vinnuhópi um vefmál.	Í vinnslu.	0	Af/á
Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.	Bæta upptökubúnað í bæjarstjórnarsal og auka þannig gæði og rekstraröryggi við upptökur og útsendingar á fundum bæjarstjórnar.	Janúar 2021	Forstöðu- maður þjónustu og samskiptadeildar ásamt ritara bæjarstjórnar og tæknifólki.	Í vinnslu.	400.000	Aukin mynd og hljóðgæði útsendingar.

Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.	Allir íbúafundir á vegum Mosfellsbæjar verði teknir upp og gerðir aðgengilegir á heimasíðu bæjarins.	Allir fundir	Forstöðu- maður þjónustu- og samskiptadeild ar.	Í vinnslu.	0	Af/á
Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.	Allir opnir fundir nefnda Mosfellsbæjar verði teknir upp og gerðir aðgengilegir á heimasíðu bæjarins. Þegar við á verði búnaður í bæjarstjórnarsal nýttur til opinna funda og upptöku.	Allir opnir fundir	Forstöðu- maður þjónustu- og samskiptadeild ar.	Í vinnslu.	0	Af/á
Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.	Fara að nýju yfir verklag við merkingar skjala og nafngiftir mála og fylgigagna. Áhersla verði lögð á að málsheiti séu skýr og lýsandi.	Reglulegt verkefni.	Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu.	Í vinnslu.	0	Af/á
Sífelld sé leitað nýrra leiða til að tryggja gott upplýsingaflæði til íbúa.	Þjóða upp á viðtalstíma bæjarfulltrúa sem fjarfundi. Gerð verði áætlun frá áramótum fram að sumarleyfum og frá hausti til áramóta um mánaðarlega fundi síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarfulltrúar bóki sjálfir Zoom fundi í sinni dagbók.	September 2020.	Forstöðu- maður þjónustu- og samskiptadeild ar, Bæjarstjóri	Í vinnslu.	0	Af/á
Tryggt skal að upplýsingar um fyrirhugaðar stjórnvaldsákvæðanir, stefnumótun og/eða framkvæmdir á vegum bæjarins berist tímanlega til hlutaðeigandi íbúa svo þeir geti sett sig inn í málið.	Í gæðakerfi bæjarskrifstofu verði lýst ferli og unnin gátlisti sem tryggi að verklag við kynningu mikilvægra stefnumarkandi mála og framkvæmda sé tímanleg og greinargóð. Gátlistinn taki til kynningarbréfa, kynningarfunda, auglýsinga í	2020	Forstöðu- maður þjónustu- og samskiptadeild ar og mannauðs- stjóri.	Í vinnslu.	0	Af/á

	fjölmiðlum og tilkynninga á vef Mosfellsbæjar, íbúagátt og samskiptamiðlum.					
--	---	--	--	--	--	--

Samráð og íbúakosningar

Markmið	Leiðir	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Staða verkefnis (árlega uppfærð):	Kostnaður	Árangursmælikvarðar
Leitast skal við að hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar í mikilvægum málefnum er varða hagsmuni þeirra.	Lýðræðisverkefnið Okkar Mosó verði endurmetið í ljósi þeirrar miklu og góðu reynslu sem fengist hefur við framkvæmdina hingað til og tillögur gerðar að þróun þess til næstu ára. Tekið verði saman umræðuskjal sem lagt verði fram í lýðræðis- og mannréttindanefnd í október 2020. Við gerð þess verði Okkar Mosó sett í samhengi við önnur slík verkefni hérlendis og erlend. Að lokinni umfjöllun lýðræðis- og mannréttindanefndar verði leitað eftir		Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar, verkefnastjóri skjalamála og rafrænnar þjónustu og umhverfisstjóri.	Í vinnslu.	0	Af/á

	umsögnum íbúa með því að nýta samráðsgátt Betra Íslands.					
Leitast skal við að hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar í mikilvægum málefnum er varða hagsmuni þeirra.	<p>Leggja mat á núverandi fyrirkomulag íbúasamráðs hjá Mosfellsbæ, kanna hvað hefur gengið vel og hvar má bæta fyrirkomulagið.</p> <p>Sérstaklega verði kannað hvaða leiðir hafa reynst best héraðs og erlendis og mið tekið af handbók Sambands Íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð og þátttöku íbúa.</p>	Byrjun árs 2021		Í vinnslu.	0	Af/á
Leitast skal við að hafa samráð við íbúa og hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar í mikilvægum málefnum er varða hagsmuni þeirra.	Gera möguleika íbúa á að koma ábendingum í farveg betri með því að taka upp enn öflugri ábendingagátt en nú er. Tekið verði mið af reynsluverkefni nokkurra sveitarfélaga sem nú stendur yfir.	Byrjun árs 2021		Í vinnslu.	0	Af/á
Framkvæmd íbúakosninga fer eftir gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga.						

Þekking og fræðsla

Markmið	Leiðir	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Staða verkefnis (árlega uppfærð):	Kostnaður	Árangursmælikvarðar
Íbúar hafi aðgang að upplýsingum um rétt sinn og tækifæri til að hafa áhrif á stjórnvaldsákvæðanir, stefnumótun og framkvæmdir.	Sérstök undirsíða vef bæjarins taki saman á kjarnyrtan hátt upplýsingar um upplýsingarétt, helstu reglur um málsmeðferð, persónuvernd og íbúalýðræði á íslensku og fleiri tungumálum.	Apríl 2021	Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar.	Í vinnslu.	0	Af/á
Kjörnir fulltrúar og starfsfólk Mosfellsbæjar fái viðeigandi þjálfun og fræðslu í lýðræðismálum.	Námskeið fyrir kjörna fulltrúa, starfsmenn bæjarskrifstofa og forstöðumenn stofnana.	Nóvember 2020	Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar.	Í vinnslu.	0	Af/á
Kjörnir fulltrúar og starfsfólk Mosfellsbæjar fái viðeigandi þjálfun og fræðslu í lýðræðismálum.	Setja fram áætlun um opna upplýsinga- og kynningarfundir fyrir veturinn 2010-2021 í samræmi við lýðræðisstefnuna Lýðræðisstefna og aðgerðaráætlun send til kynningar í allar fagnefndir og þeim gefin kostur á því að koma með tillögur og ábendingar	September 2020	Starfsmenn og formenn nefnda og ráða.	Í vinnslu.	0	Af/á
Í skólum bæjarins skal fara fram markviss fræðsla um lýðræði í samræmi við aðalnámskrá leik- og grunnskóla og skólastefnu Mosfellsbæjar.	Hluti af áætlun um opna upplýsinga- og kynningarfundir.			Í gangi árlega	0	Af/á